

**Fundargerð 4. fundar
Hafnarráðs
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
10. desember 2018 , kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Haraldur Helgason formaður, Jón Ragnar Ástþórsson aðalmaður, Laufey Erlendsdóttir varaformaður, Ari Gylfason aðalmaður, Sæmundur Sæmundsson aðalmaður, Daði Bergþórsson áheyrnarfulltrúi, Magnús Stefánsson bæjarstjóri, Rúnar Vífill Arnarson, Grétar Sigurbjörnsson, .

Fundargerð ritaði: Magnús Stefánsson, bæjarstjóri.

1. Byggðakvóti fiskveiðiárið 2018-2019 - 1810025

Samkvæmt bréfi frá Atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneyti dags. 23. nóvember 2018 er úthlutaður byggðakvóti til Sandgerðis 300 þorskígildistonn og til Garðs 15 þorskígildistonn. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu í dag hefur útreikningur verið leiðréttur og verður úthlutað 266 þorskígildistonnum til Garðs í stað 15 þorskígildistonna.

Hafnarráð er sammála um að beina því til bæjarstjórnar að sett verði það skilyrði í sérstakar reglur, að öllum afla sem telst til byggðakvóta í sveitarfélaginu verði landað í Sandgerðishöfn.

2. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2019 - 2022 - 1809099

Lögð fram tillaga um fjárhagsáætlun Sandgerðishafnar, ásamt gjaldskrá 2019.

Hafnarráð er sammála um að efla þurfi þjónustu í höfninni og jafnframt að fara í markvissa vinnu við að auka tekjur hafnarsjóðs. Hafnarráð bendir á að brýn þörf sé á að bæta við einu stöðugildi hafnarvarðar við höfnina, til þess að auka þjónustu, leysa afleysingar og sinna brýnu viðhaldi.

Samþykkt að visa fjárhagsáætlun og gjaldskrá til afgreiðslu bæjarstjórnar.

3. Sandgerðishöfn - framkvæmdir og starfsemi hafnarinnar - 1812031

Umræða um framkvæmdir og starfsemi hafnarinnar.

Lagt fram.

Fundi slitið kl. 18:00.

